

Hildigunnur Haraldsdóttir,
Hús og skipulag
Bolholti 8
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. september 2012
Tilvísun: UST20120700141/bs

Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar-lega jarðstrengs RARIK milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar.

Vísað er til bréfs Hildigunnar Haraldsdóttur sent 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Umhverfisstofnun hefur í bréfi dags. 10. september sl. gefið Skipulagsstofnun umsögn um matsskyldu umræddrar framkvæmdar. Í umræddu bréfi segir m.a.: "Skurðurinn verður að mestu lagður samsíða núverandi vegum og slóðum. Um óverulega slóðagerð verður að reða vegna nálægðar strengleiðar við vegi og slóðir. Ráðgert er að efnistaka vegna framkvæmdarinnar verði úr námum sem þegar eru opnar í nágrenni framkvæmdasvæðis. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skoðað strengleiðina með tilliti til gróðurfars og er niðurstaða þeirrar könnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á plöntu- né fléttutegundir á válista.

Strengleiðin liggur að hluta um svæði nr. 223 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera eftirfarandi: "Fjölbreytt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði." Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins.

Niðurstaða:

Umræddir jarðstrengir verða að mestu lagðir í og við núverandi vegsvæði. Þar sem vikið er frá vegi liggur strengurinn í graslendi eða í jaðri votlendis nærri fláafæti. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin verða tímabundin röskun á gróðri. Með vönduðum frágangi ættu sýnileg áhrif framkvæmdarinnar að hverfa á fáum árum."

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Stofnunin vill benda á að ekki liggur enn fyrir úrskurður Skipulagsstofnunar um matsskyldu umræddrar framkvæmdar.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson